

84  
9. júlí

innanháraðsmanni. Geri hann þetta ekki, skal nefndin rannsaka málið og síðan úrskurða, hvort íbúðin skuli tekin, og ákveða leiguupphæð, leigutíma og annað, sem þörf þykir að taka ákvörðun um og málsaðilum kemur ekki saman um. Úrskurður húsaleigunefndar er fullnaðarúrskurður.

Á sama hátt og segir í 1. mgr. er húsaleigunefnd heimilt að taka til sinna umráða annað ónotað húsnæði og útbúa það til íbúðar.

3. gr.

Við 3. gr. laganna, sem verður 5. gr., bætist ný málsg.:

Skylt skal nefndinni, að viðlögðum dagsektum, að hafa lokið við afgreiðslu eða kveðið upp úrskurð um ágreiningsatriði, sem til nefndarinnar er skotið, innan 14 daga frá því málið var afhent nefndinni til afgreiðslu eða það lagt undir úrskurð hennar.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

5. gr.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Vísitala samkv. 1. gr. skal í fyrsta sinn reiknuð út þegar eftir gildistöku þessara laga og gildir frá 14. maí til 1. okt. 1941.

6. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 91 frá 14. maí 1940, um húsaleigu, og gefa þau út svo breytt.

*Gjört í Reykjavík, 9. júlí 1941.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Stefán Jóh. Stefánsson.*

85  
9. júlí

## L Ö G

**um prestssetur Staðarprestakalls á Reykjanesi.**

### RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að flytja prestssetur Staðarprestakalls á Reykjanesi frá Stað á Reykjanesi að Reykhólum í Reykhólahreppi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 9. júlí 1941.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Hermann Jónasson.*